

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2023

## Umsögn Landverndar um breytingar á lögum vegna fjárlaga sem og um fjárlög, 2. mál

Landvernd hefur kynnt sér hluta ofangreinds máls og hluta fjárlaga fyrir 2024 og gerir eftirtaldar athugasemdir sem þó eru ekki tæmandi.

### Hækkun fiskeldisgjalds

Landvernd styður heilshugar hækkun á fiskeldisgjaldi skv. 30. gr. frumvarpsins en telur hækkunina vera lágmarkshækkun þó samtökin hafi skilning á því að erfitt gæti reynst að hækka gjaldið mikið í einu skrefi. Landvernd hvetur efnahags- og viðskiptanefnd til þess að beina því til ríkisstjórnar að hækka gjaldið aftur árið 2025 og 2026. Á þessu ári hafa komið í ljós mjög alvarlegir breistir á eftirliti og starfsemi fyrirtækja í fiskeldi, m.a. í skýrslu ríkisendurskoðanda<sup>1</sup> frá í febrúar sem og nú í haust þegar sögulega mikil laxalús mælist<sup>2</sup> með tilheyrandi eitrunum<sup>3</sup> og viðamikil ganga eldislaxa í laxveiðár hefur verið staðfest, mögulega vegna brota sjókvíaeldisfyrirtækja á lögum um fiskeldi<sup>4</sup>. Stjórnvöld verða að bregðast hratt við bágborinni stjórnslu í fiskeldi og til þess þarf fjármagn sem eðlilegt er að komi frá greininni sjálfri.

Þá telur Landvernd eðlilegt að hækka einnig fiskeldisgjald í b og c lið 2. mgr. 2. gr. fiskeldislaga 89/2019 þrátt fyrir að heimsmarkaðsverð á eldislaxi sé nú hátt. Ef til hruns á heimsmarkaðsverði á eldislaxi kemur er erfitt að hækka lægri prósentutölurnar í stórum stökkum og því betra að gera það nú þegar. Því leggur stjórn Landverndar til að 30. grein orðist svo:

„Í stað „3,5%“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 5%  
Í stað „2%“ í b-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 3,5%  
Í stað „0,5%“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: 2%“

Ef verður af hækkun í fiskeldissjóð úr 259 millj í 448 millj eins og fram kemur í fjárlagafrumvarpinu má alls ekki víkja frá þeirri hækkun á fiskeldisgjaldi sem boðuð er í ofangreindu máli. Þá er rétt að benda á

---

<sup>1</sup> [Frekara sjókvíaeldi á Íslandi verði bannað - Landvernd](#)

<sup>2</sup> [Mælaborð fiskeldis | Matvælastofnun \(mast.is\)](#)

<sup>3</sup> [fundargerð-mast\\_fisksjukdomanefnd\\_20230904.pdf](#)

<sup>4</sup> [Beiðni um opinbera rannsókn vegna meintra brota gegn lögum um fiskeldi | Matvælastofnun \(mast.is\)](#)

skýrslu ríkisendurskoðunar aftur þar sem eftirlitsstofnanir hafa þurft að sækja um í sjóði sjókváialeidisins til þess að sinna eðlilegu eftirliti, vöktun og rannsóknum á greininni.

## Orkusjóður

Stjórn Landverndar telur að efnahags- og viðskiptanefnd verði að taka til alvarlegrar skoðunar þá fjármuni sem fyrirhugað er að veita í Orkusjóð, eða um 8,64 milljörðum á næsta ári<sup>5</sup>. Sjóðurinn yrði við það langstærsti samkeppnissjóður sem íslenska ríkið fjármagnar en án þeirrar faglegu umgjarðar sem nauðsynleg er í kringum úthlutun á svo miklu fjármagni. Sem dæmi þá úthlutar Rannsóknarsjóður Rannís um 3,5 milljörðum árlega<sup>6</sup> þar sem mjög sérhæfð fagráð fara yfir allar umsóknir og hæstu styrkir nema um 60 milljónum króna. Tækniþróunarsjóður Rannís úthlutar einnig um 3 milljörðum árlega<sup>7</sup> og enginn styrkur nemur meira en 30 milljónum króna. Þar eru einnig sérhæfð fagráð sem fara yfir úthlutanir. Hæstu styrkir úr Orkusjóði voru á þessu ári yfir 100 milljónir.

Í samanburði við Orkusjóð er Loftslagssjóður mun faglegri og gagnsæri. Þar eru birtar stuttar lýsingar á þeim verkefnum sem fá styrki, fagráð metur umsóknir og leiðbeiningar til þess eru opinberar á netinu. Upphæðir sem þessir sjóðir hafa yfir að ráða eru hins vegar alls ekki sambærilegar, tæpur milljarður hjá Orkusjóði (og 8,6 milljarðar eftir hækkun) en einungis um 100 milljónir hjá Loftslagssjóði<sup>8</sup>. Þá eru markmið Orkusjóðs óskýr, gagnsæi lítið og fagleg umgjörð veik. Þá eru engin skilyrði um fagþekkingu hjá stjórn sjóðsins og hvorki háskólasamfélagið né umhverfisverndarsamtök fá að tilnefna fulltrúa í hana. Auk þess eru engar kröfur á þau fyrirtæki sem njóta styrkjana um sjálfbærni, samfélagslega ábyrgð eða samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Að mati Landverndar er varhugavert að ráðstafa svo miklu af opinberu fé inn í samkeppnissjóð á Íslandi sem hvorki hefur faglega umgjörð né gagnsætt ferli við vinnslu umsókna. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis er því hvött til þess að fallast ekki á svo umfangsmikla stækkun á Orkusjóði án þess að farið verði í gagnagerar endurbætur á umsýslu, stjórn, markmiðum og ferlum sjóðsins.

## Endurgreiðslur vegna rannsókna og þróunarverkefna/styrkir til nýsköpunarfyrirtækja

Þá vekur athygli að endurgreiðslur til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunarstarfsemi vex ár frá ári, var 5,4 milljarðar árið 2020 en er í núverandi fjárlagafrumvarpi 15 milljarðar. Þar sem markmið í loftslagsmálum og sjálfbærni þurfa að vera hluti af allri fjárhagslegri ákvarðanatöku stjórnvalda skýtur

---

<sup>5</sup> Fylgirit með frumvarpi til fjárlaga ([stjornarradid.is](http://stjornarradid.is)) bls. 63

<sup>6</sup> [Rannsoknasjodur-2023-uthlutun-styrkja-til-nyrra-verkefna.pdf](http://Rannsoknasjodur-2023-uthlutun-styrkja-til-nyrra-verkefna.pdf) ([rannis.is](http://rannis.is))

<sup>7</sup> [Haustúthlutun Tækniþróunarsjóðs](http://Haustuthlutun-Taekniþrounarsoods) | [Tækniþróunarsjóður](http://Taekniþrounarsoodur) | [Rannsóknamiðstöð Íslands](http://Rannsoknamiostod_Islands) ([rannis.is](http://rannis.is))  
[Vorúthlutun Tækniþróunarsjóðs 2023](http://Voruthlutun-Taekniþrounarsoods-2023) | [Tækniþróunarsjóður](http://Taekniþrounarsoodur) | [Rannsóknamiðstöð Íslands](http://Rannsoknamiostod_Islands) ([rannis.is](http://rannis.is))

<sup>8</sup> [Úthlutun úr Loftslagssjóði 2022](http://Uthlutun-ur-Loftslagssjodi-2022) | [Fréttir](http://Frettir) | [Rannsóknamiðstöð Íslands](http://Rannsoknamiostod_Islands) ([rannis.is](http://rannis.is))

skökku við að styrkir til nýsköpunarfyrirtækja eru lítt háð eftirliti, skortur er á mati á vægi aðgerðanna og eftirliti með því að fyrirtækin stundi raunverulega nýsköpun. Eðlilegast væri að endurgreiðsla á vsk fyrir rannsóknir og nýsköpun hjá fyrirtækjum fari í gegnum samkeppnissjóð þar sem gagnsæi og faglegar kröfur ríkja.

### Lokaorð

Fyrirhuguð aukning á styrkjum úr ríkissjóði til einkaaðila frá árinu 2020 bara í gegnum styrki til nýsköpunarfyrirtækja og orkusjóð er 18 milljarðar, úr 5,6 milljörðum í 23,6 milljarða til ársins 2024. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis er hvött til að láta skoða styrki úr ríkissjóði til einkafyrirtækja með það í huga að gerðar verði skýrar kröfur um kolefnisbókhald fyrirtækja sem njóta hárra styrkja, að verkefnin sem fá styrki stuðli að sjálfbærni og séu í takt við heimsmarkmið Sp sem og að eftirlit og eftirfylgni sé með því að fyrirtækin stundi raunverulega nýsköpun eða samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og að styrkhæf starfsemi þeirra stuðli að sjálfbærni. Stjórn Landvernd bendir á að í gegnum úthlutanir á opinberu fé til einkaaðila verður ríkið að grípa tækifærið og gera skýrar kröfur um sjálfbærni og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

*Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Landverndar*

*Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri*